

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 249/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/349 frá 2. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 15c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1916) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0349**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/349 frá 2. mars 2020 (Stjtið. ESB L 63, 3.3.2020, bls. 1).“

*2. gr.*

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/349, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 63, 3.3.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Rolf Einar Fife***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING